

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 2. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: Þriðjudagur 28. apríl kl. 16.30-17.30

Staðsetning: Fjarfundur

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Sonja Sif Jóhannsdóttir

Fundarmæting: **Aðalstjórn:** Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason og Áslaug Pálsdóttir

Forfölluð: Rannveig Oddsdóttir (RO)

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)

Gestir: Gunnar Svavarsson

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: engin

2. Mannvirkjamál

- KJ sagði frá spjalli við borg og ríki.
- GK fór yfir mannvirkjamál – Mosfellsbær, fundur þar á morgun með helstu mönnum þar.
- Gunnar Svavarsson – fór yfir mannvirkjamál. Gera núna yfirlit yfir hvar hægt er að halda mót.
- Gunnar Svavarsson fór líka yfir Þjóðarleikvangs pælingar og sögu málsins allt frá 2012. 2021 var skrifuð skýrsla og starfshópur stofnaður. Frumathugun var gerð. Skýrslan var svo upplegg til að ýta við þessum málum. Sept 2024 var viljayfirlýsing gerð og þar kemur skýrt fram að frjálsar fái sér völl. Síðan var starfshópur skipaður (Ásmundur Einar) og Gunnar fór í hann fyrir hönd FRÍ. Í jan 2025 - um sumarið (Ásthildur Lóa) - ýmislegt hefur gengið á, ráðherraskipti og borgarstjóraskipti – engir peningar til. Nú hafa Gunnar og Katrín óskað eftir fundi með ráðuneyti. Vera hörð á þessari frumathugun.
- Umræður um málið. Mikilvægt að ýta við þessu og fara fram á að byrjað verði á hönnun vallarins.

3. Mót og viðburðir framundan

- GK fór yfir helstu viðburði sem eru framundan.
- Vígslumót Vísisvallar á Hornafirði verður haldið 27. júní hjá Vísi á Hornafirði. GK hvetur til þátttöku á því móti.
- Ættum við að hafa úrtökumót. Pælingar með það.

4. Fjármál / afreksmál

- GK og TS fóru aðeins yfir stöðuna.